



UMSÖGN

Viðtakandi: Umhverfis- og skipulagsráð

Sendandi: Samgöngur og borgarhönnun

Umsögn um tillögu fulltrúa Sjálfstæðisflokksins um malbikun malarstígs við Strandveg og Gylfaflöt

Á fundi umhverfis- og skipulagsráðs þann 6. september sl. var lögð fram svohljóðandi tillaga fulltrúa Sjálfstæðisflokksins:

Lagt er til að malarstígur, sem tengir saman göngu- og hjólaleið við austanverðan Strandveg og Gylfaflöt, verði malbikaður í því skyni að bæta aðstæður gangandi og hjólandi vegfarenda, sem sækja atvinnu eða þjónustu til þeirra fjölmörgu fyrirtækja eða stofnana, sem eru við Flatirnar í Grafarvogi.

Tillögunni var vísað til umsagnar umhverfis- og skipulagsráðs, skrifstofu samgangna og borgarhönnunar þann 13. september 2023.

Umsögn:

Ljóst er að eftirspurn er til staðar fyrir stíg á þessum stað. Einnig er ljóst að þörf er á fleiri aðgerðum en að eingöngu malbika núverandi slóða. Má þar nefna þverun yfir Gylfaflöt þar sem engin gangstétt er sunnan og vestan megin við Gylfaflöt og engin niðurtekt á núverandi gangstétt norðan götunnar, til að taka við umferð frá slóðanum. Fremur óheppilegt er að stígurinn tengist Gylfaflöt í beygju. Gróft áætlað má gera ráð fyrir að þetta séu um 150-170 m² af malbiki, auk hugsanlegrar jarðvegskipta, jöfnunarlags, gerð niðurtekta og annarra aðgerða við þverun. Aðgerð sem þessi gæti kostað rúmlega 2 til 3 millj. kr, þá er ekki gert ráð fyrir sérstakri lýsingu við gönguþverunina.

Virðingarfyllst,
Guðbjörg Lilja Erlendsdóttir
samgöngustjóri




Reykjavíkurborg



Horft frá Strandvegi að Gylfaflöt eftir slóðanum (www.ja.is)



Horft frá Gylfaflöt að Strandvegi eftir slóðanum (www.ja.is)



Gróft áætlað svæði sem þyrfti að malbika til að bæta tengingu Strandvegar við Gylfaflöt merkt með bláu (www.borgarvefsja.is)